



Dæmi um aðgerðarplan

Oft þegar barn á það til að sýna erfiða eða ógnandi hegðun er gott að setja niður aðgerðarplan til að allir viti hvernig best er að bregðast við hegðuninni. Í aðgerðarplaninu kemur fram hvaða aðferðir hafa reynst best til að komast hjá hegðuninni eða takast á við hegðunina þegar hún kemur fram. Gott er að taka það fram sérstaklega ef planið er í mótun eða verið er að prófa nýjar aðferðir og þá jafnvel biðja starfsfólk um að skrá sérstaklega hegðun barnsins og breytingar á hegðun. Þar sem aðgerðaráætlunin er einungis hugsuð sem vinnuþagg á starfsstaðnum er forstöðumönnum frjálst að vinna hana eins og þeir telja að hún gagnist best.

Í aðgerðarplani er gott að hafa upplýsingar varðandi:

Aðstæður sem reynast barninu oft erfiðar: Hér er gott að lista upp þær aðstæður sem valda oft vanlíðan sem birtist í óæskilegri eða ögrandi hegðun.

Hvað ber að forðast í slíkum aðstæðum: Með nákvæmum hætti skal útlista hvað ber að forðast til að minnka líkurnar á því að hegðunin birtist, t.d. komast hjá því að barnið standi í röð.

Hvernig er best að fyrirbyggja óæskilega hegðun: Hvaða vinnuaðferðir gagnast best til að aðstoða barnið við að sýna viðeigandi hegðun. Lýsa nákvæmlega hvernig við þössum að barnið viti alltaf til hvers er ætlast af því, hvað er framundan, hvernig tímanum líður og annað sem skiptir barnið máli.

Hvernig hegðun birtist oftast hjá barninu: Þegar barnið lendir í þeim aðstæðum að það sýnir óæskilega og/eða ögrandi hegðun er gott að allir viti hvað það er sem barnið gerir. Sem dæmi er gott ef allir starfsmenn vita að barnið bitur ef það verður reitt, því þá er starfsfólk betur undirbúið í aðstæðum þar sem það gæti komið fyrir.

Viðbrögð starfsmanns ef barn ógnar eða beitir ofbeldi: Í aðstæðum þar sem barn sýnir óæskilega hegðun er gott að allir bregðist eins við svo minni líkur séu á því að viðbrögð starfsfólks séu að styrkja hegðunina. Gott er að setja það nákvæmlega niður hvað starfsmaður gerir, hvernig best er að tala, hvað er gott að segja, hvort barninu eigi að vera boðið úr aðstæðum og önnur atriði sem gætu skipt máli til að tryggja öryggi allra og aðstoða barnið með sem bestum hætti.

Ef eitthvað sérstakt varðandi viðbrögð eða aðstæður eftir slíka hegðun: Ólíkt er milli barna hversu mikil áhrif á líðan barnsins slíkar upptakomur hafa og geta sum börn sýnt mikla vanlíðan það sem eftir lifir dags.

Gott er að taka fram í aðgerðaráætlun mikilvægi þess að ræða slík atvik eftir að þau koma upp og að vera alltaf vakandi fyrir því að breyta planinu ef þörf þykir á.

Við viljum sérstaklega minna á að vanda orðalag og að hafa öll gögn þannig að forráðamenn og aðrir yrðu sáttir við það hvernig hlutirnir eru orðaðir. Við berum virðingu fyrir þeim börnum sem við vinnum með og sýnum það með því að skrifa um þau af virðingu. Einnig viljum við minna alla á að gott er að tileinka sér jákvætt hugarfar í vinnu með börnum sem eiga það til að sýna ögrandi og/eða ógnandi hegðun. Höfum það í huga að öll börn vilja gera vel og börn gera eins vel og þau geta á þeim tímapunkti. Ekkert barn vill hegða sér illa og að baki hegðuninni býr oftast mikil vanlíðan og/eða skortur á færni.